

Samþykktir

1.gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Flóaskóla.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Flóaskóla, Villingaholti, 801 Selfoss.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð nemenda, styðja skólastarfið og efla tengsl heimilis og skóla.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að standa fyrir uppákomum reglulega fyrir nemendur og foreldra, þannig að sem flestir geti notið þeirra óháð fjárhag.

5. gr.

Allir foreldrar eða forráðamenn nemenda við Flóaskóla eru með félagsaðild.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn hafa atkvæðarétt á aðalfundi.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1.október ár hvert og skal boða til hans skriflega með að minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

8.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum, formanni og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

9.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

10. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til að styrkja uppákomur í skólanum, skólaslit og aðrar uppákomur á vegum félagsins sem eru félagsmönnum opnar.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Flóaskóla eða Flóahrepps.

Samþykktir þessar eru teknar saman af stjórn, úr lögum og fundargerðum.

Hér koma undirritanir stjórnarmanna, nöfn og kennitölur.

Stjórn

Helga Sigurðardóttir
(kt. 260970-4619)

Viðar Ófeigsson, gjaldkeri
(kt. 041058-7579)

Sandra Dís Sigurðardóttir, ritari
(kt. 061086-2429)